

Nd.

259. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Þeir, sem lokið hafa kandidats- eða meistaraprófi í íslenskum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu hafa forgangsrétt um kennslu í íslenskri tungu, sögu og bókmenntum við alla skóla ríkisins, þegar kennsla í þessum greinum nemur fullu kennarastarfi eða sérstakur kennari er tekinn til starfsins.